

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 63. fundur.

að Hlíðavegi 6, 27. október 2005, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Bréf Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála vegna kæru Helluholts ehf á afgreiðslu sveitarstjórnar frá 6. júlí þar sem ekki var heimiluð breyting á notkun hússins að Helluhrauni 9 úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili. Greinargerð sveitarstjóra.
3. Erindi Greiðrar leiðar ehf um aukningu hlutafjár.
4. Erindi Þingeyjarsveitar um eyðingu minka.
5. Fundargerð byggingarnefndar frá 12. okt. sl.
6. Fundargerð veitnanefndar frá 18. okt. sl.
7. Fundargerð skólanefndar frá 17. okt. sl.
8. Tillaga um samstarf sveitarfélaga í mengunar-eiturefna- og brunavörnum.
9. Bókasafn.
10. Erindi Hlíðar ferðapjónustu ehf.
11. Athugasemdir Ólafar Hallgrímsdóttur vegna lagfæringar á vegi um Lúdentarborgir.
12. Landbótaáætlun.
13. Þekkingarsetur
14. Kísilgúrsjóður
15. Fyrirspurn um kostnað vegna leikskólabyggingar.

Til kynningar

Bréf frá Skipulagsstofnun staðfesting á aðalskipulagi.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 10, 11, 12, 13, 14 og 15 yrði bætt á dagskrá.

Samþykkt samhljóða.

2. Bréf Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála vegna kæru Helluholts ehf á afgreiðslu sveitarstjórnar frá 6. júlí þar sem ekki var heimiluð breyting á notkun hússins að Helluhrauni 9 úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili. Greinargerð sveitarstjóra.

Í samræmi við samþykkt síðasta fundar sveitarstjórnar 6. okt. er lögð fram greinargerð sveitarstjóra til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála vegna kæru Helluholts ehf á hendur sveitarstjórn.

Greinargerðin er dagsett 14. okt. og var send sveitarstjórnarmönnum í tölvupósti til kynningar þann dag.

3. Erindi Greiðrar leiðar ehf um aukningu hlutfjár.

Fram kemur í bréfi Greiðrar leiðar ehf að hlutfé félagsins nemi kr. 4.410.000 að nafnverði og samþykkt aðalfundar sé fyrir því að hækka það um allt að kr. 95.590.000 og verði því eftir aukningu kr. 100.000.000. Hlutfjáreign Skútustaðahrepps í félaginu er kr. 100.000 eða um 2,27% af heildarhlutfé.

Skútustaðahreppur hefur því forkaupsrétt að hlut allt að kr. 2.170.000.

Samþykkt að kaupa hlutfé fyrir kr. 1.400 þús. þannig að hlutur

Skútustaðahrepps verði kr. 1.500 þús. eða 1,5%

Sveitarstjóra falið að vinna að sölu hlutabréfa í Tækifæri og ýta enn fremur við sölu á hlut sveitarfélagsins í Sauðahelli ehf.

4. Erindi Þingeyjarsveitar um eyðingu minka.

Sveitarstjórn hefur ekki hug á að taka þátt í sameiginlegum viðræðum við umhverfisráðherra á þessu stigi.

5. Fundargerð byggingarnefndar frá 12.okt. sl.

Liður 5 þar sem Veðurstofan óskar eftir að setja upp jarðskjálftamæli við Vaðöldu 7 þar sem Sniðill hf óskar eftir byggingarleyfi fyrir parhús að

Birkihrauni 1 og 3 og liður 8 þar sem Mývetningur óskar eftir byggingarleyfi fyrir hús við skíðalyftu í Kröflu eiga við um Skútustaðahrepp.

Byggingarnefnd samþykkti erindin og sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.

6. Fundargerð veitnanefndar frá 18. okt. sl.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

7. Fundargerð skólanefndar frá 17. okt. sl.

1. og 2. liður fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við. Varðandi 3. lið fundargerðarinnar felur sveitarstjórn, sveitarstjóra að gangast fyrir fundi skólanefndar og forsvarsmanna nemenda um félagsstarfsemi.

Í 4. lið fundargerðarinnar kemur fram að óskað hafi verið eftir fjármunm til danskennslu. Sveitarstjórn hefur þegar brugðist við því með jákvæðum hætti.

Þá kemur enn fremur fram að skólanefnd harmi lokun bókasafns. Málefni bókasafns verða til umræðu síðar á þessum fundi umdir sérstökum dagskrárlið.

8. Tillaga um samstarf sveitarfélaga í mengunar - eiturefna- og brunavörnum.

Fyrir liggur tillaga til sveitarstjórna Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps, Aðaldælahrepps, Húsavíkurbæjar, Tjörneshrepps, Kelduneshrepps, Öxarfjarðahrepps, Raufarhafnarhrepps, Svalbarðshrepps og Þórshafnarhrepps um samstarf varðandi viðbrögð við eiturefna- og mengunarslysum og eldvarnareftirlit. Jafnframt því að meta kosti og galla frekara samstarfs varðandi menntun og þjálfun slökkviliðsmanna.

Sveitarstjórn samþykkir að skipa Kristján Stefánsson sem fulltrúa í vinnuhópinn.

9. Bókasafn.

Nokkrar umræður urðu um bókasafnið. Frekari umræðum var frestað til næsta fundar.

10. Erindi Hlíðar ferðaþjónustu ehf.

Borist hefur erindi frá Gísla Sverrissyni og Lilju Jónsdóttur f.h. Hlíðar ferðaþjónustu ehf. þar sem óskað er eftir lækkun á kaupverði tjaldsvæðis frá þeim samningi sem gerður var 1995.

Sveitarstjóra og oddvita falið að ræða nánar við Gísla og Lilju.

11. Athugasemdir Ólafar Hallgrímsdóttur vegna lagfæringar á vegi um Lúdentarborgir.

Borist hafa athugasemdir frá Ólöfu Hallgrímsdóttur vegna fyrirhugaðra lagfæringa á vegi um Strandarholt og Nökkvabrekku og áfram suður í átt að Seljahjallagili. Telur hún að ekki hafi verið haft samband við alla hlutaðeigandi landeigendur a.m.k. ekki landeigendur í Vogum og telur að það þurfi a liggja alveg ljóst fyrir hvort landeigendur séu að afsala sér umráðarétti yfir vegslóðunum þegar búið er að leggja í þá opinbert fé.

Samkv. þeim heimildum sem sveitarstjórn Skútustaðahrepps byggði á og er ástæða þess að ekki var haft samband við eigendur Voga þá eru umræddar vegabætur innana eignarlanda jarðanna Geiteyjarstrandar og Kálfastrandar. Haft var bréflaga samband við eigendur Geiteyjarstrandar og Kálfastrandar og þeir beðnir að athugasemdir ef að þeir væru mótfallnir þessum lagfæringum . Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt að senda landeigendum í Vogum óskir um leyfi til að lagfæra veginn.

12. Landbótaáætlun.

Frestað til næsta fundar.

13. Þekkingarsetur

Málið verður tekið upp í viðræðum við þingmenn í næstu viku.

14. Kísilgúrsjóður

Málið verður tekið upp í viðræðum við þingmenn í næstu viku.

15. Kostnaður vegna leikskóla.

Birkir lagði fram fyrirspurn um útlagðan kostnað vegna fyrirhugaðrar leikskólabyggingar sem frestað hefur verið um sinn.

Sveitarstjóri upplýsti að kostnaður án vsk stæði í 4.3 milljónum og komin væri fram krafa um viðbótargreiðslu frá arkitekt en reikningur hefur ekki borist.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Jón Óskar Ferdinandsson,

Kristján Stefánsson,

Birkir Fanndal Haraldsson,

Böðvar Pétusson.